

# Verkefni sumar 2011

## Átaksverkefni

Starfsmenn: Orri Stefánsson og Linda Björk Pálsdóttir

Umsjón með átaksverkefnum 17 ára og eldri fyrir Akureyrarbæ og 18 ára og eldri í samvinnu við Vinnumálastofnun.

## Fjölmiðlahópur - Fjölmiðlafræðsla

Starfsmenn: Hlynur Birgisson, Baldur Jónsson, Birgir H. Stefánsson og 3 aðstoðarmenn í gegnum atvinnuáttak frá vinnumálastofnun

**Fjölmiðlafræðslan** er fyrir alla hópa vinnuskólans en þeir koma í Rósenborg og fá kynningu á ljósmyndun og myndvinnslu í 2 daga. Þemu í ljósmyndun sumarsins eru: Andstæður, Portrétt, Samvinna, Þenna, Smámunir, Planking

*Birgir sér um að taka hópana í stutta fræðslu þar sem fjallað verður um helstu atriði í ljósmyndun og svo verður farið af stað og myndað og myndirnar svo unnar í tölvu.*

### Fjölmiðlafræðsla - heimsóknir hópa í Rósenborg

Hópur	Skóli	Dags.
1	Brekkuskóli	14.- 15 júní
2	Giljaskóli	20.- 21. júní
3	Lundarskóli	22.- 23. júní
4	Glerárskóli	27.- 28.júní
5	Oddeyrarskóli og Naustaskóli	29.- 30.júní
6	Síðuskóli	4.- 5.júlí
7	Gróðurofnæmi ofl.	6.- 7.júlí

**Fjölmiðlahópurinn** er valinn hópur c.a. 15 unglunga sem verður í Rósenborg í 6 vikur og tekur þátt í ljósmyndasamkeppninni, uppfærir og útbýr nýja heimasíðu vinnuskólans, sér um þátt í útvarpi Volume og gefur út fréttabækling vinnuskólans. Unnið verður útfra hugtökunum um fordóma, fáfræði og fræðsla. Einnig verður farið í stuttmyndagerð og þátttakendum gefinn kostur á að vinna stuttmyndir fyrir stuttmyndahátíðina Stulla en þema keppninar í ár er hryllings grín.

**Helstu verkefni fjölmiðlahópsins eru:**

**Ljósmyndasýning**, þemu í ljósmyndun sumarsins eru:

Andstæður, Portrétt, Samvinna, Þrenna, Smámunir, Planking

**Heimasíða vinnuskólans**, hugmyndir eru um að búa til nýja heimasíðu fyrir vinnuskólann sem er einfaldari í vinnslu en sú sem er fyrir. Hópur sér um að uppfæra síðuna daglega og allt sem er gert í fjölmiðlafræðslunni fer í gegnun þessa síðu s.s sketsar og ljósmyndir.

**Útvarp Volume**, starfrækt verður útvarp í Rósenborg og mun fjölmiðlahópurinn sjá um þáttagerð.

**Stuttmyndir**, gerðar verða margar stuttmyndir sem ætlunin er að senda síðan í stuttmyndasamkeppnina Stulla sem fram fer næsta vetur. (*Þemað er hryllingur*)

**Upplýsinga og skemmtibæklingur vinnuskólans**, ætlunin er að gefa út vikulega bækling vinnuskólans þar sem er að finna ýmsar gagnlegar upplýsingar, fróðleik og skemmtilegheit.

## Skapandi sumarstörf

### Drög að dagskrá

**Starfsmenn:** Svava Björk Ólafsdóttir, Jóhanna Guðný Birnudóttir og Bjarni Þór Bragason.

**Staður:** Ungmennahúsið í Rósenborg

**Markmið** að þjálfra fólk í leiklist, tónlist og dans, 2 hópar í 4 vikur í senn. Ætlunin er að vera sýnileg í miðbæ Akureyrar sem og að auka við sjálfstraust þátttakenda.

**Vinnutími:** Unnið er í 4 vikur frá kl 9-16, fyrri hópur frá 16. júní – 15. júlí og seinni hópur frá 18. júlí – 15. ágúst.

**Vinnan** fer fram með upphitun á morgnana, stundaðir eru margvíslegir leikir til hópeflis og æfinga og svo er unnið að verkefnum sem í gangi eru. Lögð er áhersla á að “redda okkur sjálf” hvað búninga og leikmuni varðar. Það eru þátttakendur sem skapa gjörningana með aðstoð leiðbeinanda.

**Verkefni hópanna:**

- Jafnréttisgjörningur (unnin út frá heimsókn á Jafnréttisstofu og heimildaröflunar).
- Dansgjörningur með Viljari (Viljar og hópurinn vinna saman að dansi).
- Tónlistargjörningur með Bjarna (unnið út frá áhuga og hæfileikum hópsins).
- Parkour-kynning með Hössa (kynning á listgreininni og unninn gjörningur út frá henni).
- Föstudagsfílingur í miðbænum í samvinnu við tónlistarvinnuskólann, 4 föstudagar yfir sumarið og unnið er út frá sameiginlegum þemum.
- Litlir gjörningar (reynt er að fara eins oft og mögulegt er í bæinn).
- Önnur tilfallandi verkefni (heimsókn í leikhús, á N4, á útvarpshópinn, stuttmyndahópinn).

Það getur verið misjafnt hvernig hópurinn virkar saman og hversu mikið hann kemur í verk.

Undanfarin ár hafa krakkarnir verið mjög áhugasöm og til að enda sumarið á skemmtilegan hátt verður þeim boðið að undirbúa atriði fyrir Akureyrarvöku í samvinnu við leiðbeinendur.

## Útvarpshópur fyrirkomulag útvarps

### Útvarp - 14 og 15 ára unglingar og atvinnuáttak 17-25 ára skólafólks.

**Starfsmenn:** Gunnlaugur V. Guðmundsson, Árni Víðir Jóhannesson, Ingólfur Stefánsson og Stefán Valmundarson.

**Staður:** Rósenborg.

**Starfsemin:** Sumarið 2011 verða félagsmiðstöðvarnar og Vinnuskóli Akureyrar í samstarfi við útvarpsstöðina Volume sem send hefur verið út á netinu. Yfir sumartímamann verður útvarpað á fm tíðni. Útvarpsstöðin verður starfrækt frá 7. júní til 3. ágúst og er dagskrá alla virka daga frá klukkan 9-19. Vinnutími unglinganna er misjafn eftir aldri og því eru ekki allir þættir jafn langir. Unglingar á aldrinum 14-16 ára eru með þætti alla virka daga frá klukkan 9-17 en ungmenni 17-25 ára alla virka daga frá 17-19. Hver þáttur hefur undirbúningstíma þar sem unnin eru viðtöl, sketsar, fréttir og kannanir.

### Dagskrá

kl.8-12 14 ára unglinar

kl.12-18 15-16 ára unglingar

kl.18-20 17-25 ára atvinnuáttak

**Ball:** Útvarpsstöðin stefnir að því að halda ball í sumar líkt og gert hefur verið á vegum vinnuskólans. Undirbúningur og skipulag verður á vegum starfsmanna útvarpsins.

## Fræðsla i vinnuskóla Akureyrar á vegum Rósenborgar

### Fjölmiðlafræðsla - 14 og 15 ára unglingar

**Leiðbeinandi:** Hlynur Birgisson

**Staður:** Rósenborg

**14 og 15 ára**

Unglingarnir fá stutta kennslu á ljósmyndavélar og nokkur undirstöðuatriði í ljósmyndun. Í framhaldinu fara unglíngarnir út og taka myndir að því loknu koma þeir aftur í Rósenborg og færa myndirnar úr myndavélinni yfir í tölvu og fullvinna þær. Stefnt er að því að koma á samstarfi við aðila innan bæjarkerfisins s.s. Amtbókasfnið þar sem úrval mynda hvernar viku verða til sýnis. Í lok sumars verður haldin ljósmyndasýning á myndum unglínganna. Áætlaður tími er 6 klst.

## **Sumarhátíð - 14 og 15 ára unglíngar**

**Staður:** Hamrar

Hver skóli fær einn dag að Hömrum útlífs- og umhverfismiðstöð skáta. Þar verður farið í ýmsa leiki eins og sápubandý, fótbolta, körfubolta, kassabílarallý og fleira. Í hádeginu fá unglíngarnir grillaðar pylsur, gos og súkkulaði. Áætlaður tími er 3 klst.

## **Forvarnarmál**

### **14 og 15 ára unglíngar**

**Leiðbeinandi:** Gréta Kristjánsdóttir, forvarnarfulltrúi Akureyrarbæjar

**Staður:** Giljaskóli, Glerárskóli, Lundarskóli, Síðuskóli og Rósenborg

Forvarnarfulltrúi fer og hittir alla hópa einu sinni í sumar en þar rifjar forvarnarfulltrúi upp ýmis forvarnarmál.

14 ára fræðsla um netið og fleira

Lundar- og Naustaskóli í Lundarskóla	20. júní kl. 12:30
Glerár- og Oddeyrarskóli í Glerárskóla	21. júní kl. 12:30
Brekkuskóli í Rósenborg	22. júní kl. 12:30
Síðu- og Giljaskóli í Síðuskóla	23. júní kl. 12:30

15 ára fræðsla um kannabis, áfengi og tóbak. Fyrirlestur og móðir fíkla spjallar við unglíngana.

Glerárskóli	21. júní kl. 08:30
Brekku- og Oddeyrarskóli í Rósenborg	22. júní kl. 08:30
Lundarskóli	23. júní kl. 08:30
Síðuskóli	28. júní kl. 08:30
Giljaskóli	30. júní kl. 08:30

## **Mannréttindafræðsla - 14 og 15 ára unglíngar**

**Leiðbeinandi:** Linda Björk Pálsdóttir

**Staður:** Rósenborg

Mannréttindi skipa stóran sess í lífi okkar allra. Með mannréttindafræðslu viljum við vekja áhuga og athygli á mannréttindum einnig að efla virðingu fyrir mannréttindum og grundvallarfrelsi, einnig að auka sjálfsvirðingu einstaklingsins og virðingu hans fyrir öðrum: gildi mannglegrar reisnar, stuðla að viðhorfum og hegðun sem skapar virðingu fyrir réttindum annarra, að tryggja raunverulegt jafnrétti kynjanna og að

konur hafi jöfn tækifæri og karlar á öllum sviðum og hvetja til umræðu um þessi mál meðal ungs fólks. Áætlaður tími er 3 klst.

## **Fræðsla - 16 ára unglingar**

**Leiðbeinendur:** Fulltrúar frá fjármálafyrirtæki, stéttarfélagi og starfsmannabjónustu

**Staður:** Rósenborg

Í fyrsta hluta fræðslunnar munum við fá kynningar á fjármálaleiðum fyrir ungt fólk og hvaða þjónustu 16 ára unglingum stendur til boða innan bankakerfisins. Einnig fáum við til okkar fulltrúa frá Stéttarfélagi, starfsmannabjónustu Akureyrarbæjar en hugsunin er sú að þessir aðilar munu kynna fyrir unglingunum réttindi þeirra og skyldur og einnig að kynna fyrir þeim ýmislegt fleira t.d. hvaða upplýsingar koma fram á launaseðli. Að lokum verður tekið fyrir eitt verkefni úr Kompás: Handbók í mannréttindafræðslu. Áætlaður tími er 6 klst.

**Leiðbeinendur:** Fulltrúar frá EUF, NOR og AFS

**Staður:** Rósenborg

Í öðrum hluta fræðslunnar munu fulltrúar frá Evrópu unga fólksins, Nordjob og AFS á Íslandi koma og kynna fyrir unglingunum hvað þau hafa uppá að bjóða og hvernig unglingarnir geti nýtt sér hin ýmsu tilboð. Áætlaður tími er 3 klst.

**Leiðbeinendur:** Fulltrúar frá jafningjafræðslunni og/eða Ástráði

**Staður:** Rósenborg

Í þriðja hluta fræðslunnar verður lögð áhersla á forvarnarmál s.s. áfengi, kannabis, kynferðisofbeldi, reykingar, heilbrigði o.s.frv. Einnig munu hóparnir vinna verkefni tengd fræðslunni. Áætlaður tími er 6 klst.

## **Sumarhátíð**

### **16 ára unglingar**

Allir vinnustaðir verða hvattir til þess að taka einn dag þar sem unglingarnir fá að brjóta upp hefðbundinn vinnudag en þar gefst tækifæri fyrir starfsmanninn og vinnustaðinn til að skoða frekar útfra áhugasviði einstaklingsins eitthvað sem báðir aðilar eru sáttir við. Vinnustaðirnir stýra þessum hluta og fá að ráða hvenar það hentar best með tilliti til vinnunnar að brjóta upp vinnuna. Áætlaður tími er 3 klst.